

Mál nr. 267/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 3. febrúar 2021 er hann var að skera timbur með borðsög og rak sagarblaðið í gegnum þrjá fingur. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Telur M að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á, á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Vísar M til þess í fyrsta lagi að borðsögin sem var í eigu X var ekki útbúin öryggishlíf og ekki liggi fyrir hvers vegna umrædd hlíf hafi ekki verið á söginni. Staðalbúnaður slíkra saga er að hafa öryggishlíf við notkun. Í öðru lagi hafði X ekki framkvæmt áhættumat eins og áskilið er í lögum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 367/2006. Að lokum vísar M til þess að réttarsamband M og X beri öll helstu einkenni ráðningarsambands frekar en verktöku. M hafi verið starfsmaður X fram til janúar 2021 en eftir það hóf hann að starfa sjálfstætt, eingöngu fyrir X. Vísar M til dóma Hæstaréttar 1997, bls. 2041 og 1994, bls. 1743.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að M hafi ekki sýnt fram á að X eða starfsmenn hans hafi valdið slysi M eða eigi sök að því, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmatrar háttsemi né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu Vinnueftirlitsins við gerð eða búnað sagarinnar. M sé lærður húsasmiður og hafi starfað við þá iðn í 15 ár áður en atvikið átti sér stað. M hafi haft hönd á krossviðsbútnum sem hann var að saga í stað þess að nota eftirreku þegar hann ýtti bútnum í gegnum sagarblaðið. Auk þess hafi blaðið verið stillt allt of hátt þegar slysið varð. Hættulegt var að nota sögina til verksins, sérstaklega með sagarblaðið stillt of hátt og án þess að nota eftirreku. Eðlilegra hefði verið að nota bútasög í stað þess að nota borðsögina. Að lokum vísar V til þess að M starfaði sem sjálfstætt starfandi verktaki og að öll framkvæmd verkþátta hafi verið á hans forræði. Mótmælir V því að M hafi verið launþegi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Slys M var rannsakað af Vinnueftirlitinu sem gerði ekki athugasemd við það að engin hlíf var á borðsöginni. Hefur M einnig ekki sýnt fram á að slík hlíf hafi átt að vera á söginni eða að hún hefði komið í veg fyrir tjónið. Hvað varðar skort á skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn hefur heldur ekki af hálfu M verið sýnt fram á að slys M verði rakið til skorts á slíkri áætlun. M var menntaður smiður með margra ára reynslu af smíðastörfum. Hann hafi því mátt gera sér grein fyrir hættunni sem því fylgir að fara með fingur of nálægt sagarblaði borðsagarinnar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir